

70. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um skuld hins lærða skóla á Íslandi við ^{1862.} 29. októberm. hinn almenna skólasjóð.

Samkvæmt álitu fjárstjórnarinnar í bréfi 13. desemberm. f. á. hefir kirkju- og kennslustjórnin skorað á nefnd þá, er skipuð var með konunglegri umboðsskrá 20. septemberm. 1861 til að yfirvega fjárhagsmálefni Íslands, að hún segði álit sitt um tilkall það, sem komið er fram af hendi hins almenna skólasjóðs, um lúkning skuldar þeirrar, er hann á hjá skólanum á Íslandi fyrir ýmisleg gjöld, er greidd voru úr skólasjóðnum árin 1844—48 til hins nýja skólahúss, er byggt var í Reykjavík, og hefir nú stjórnarráðið fengið frá nefndinni álitsskjal það, sem fjárstjórninni nú skal sent eptirrit af, en í því er þeirri skoðun lýst yfir, að með því hinn íslenski lærði skóli ekki eigi nein efni út af fyrir sig, heldur fái gjöld sín greidd úr ríkissjóði, þá verði skuld sú, sem hér er um rætt, ekki endurgoldin af efnum skólans, og að ekki virðist heldur vera næg ástæða til að láta jafna fè þessu niður á Ísland.

Stjórnarráðið verður nú að fallast á þessa skoðun nefndarinnar, sem er samkvæm því álitu, sem það hefir leyft sér að láta í ljósi í bréfi til fjárstjórnarinnar 18. nóvemberm. f. á., og er þá, eins og þar er bent á, það eina úrræðið eptir, að fara þess á leit við ríkisþingið, að það veiti fè það úr ríkissjóðnum, sem þarf til þess, að skuld þessi verði endurgoldin. En jafnvel þó kirkju- og kennslustjórnin enn verði að vera á því, að skólasjóðurinn eigi rétta heimting á, að fá fè þetta borgað, skal hún á hinn bóginn ekki láta hjá líða að geta þess, að eptir því sem málinu er varið, þegar á allt er litið, virðist vera vafasamt, hvort nokkur árangur yrði af því, þó þetta væri reynt. Eigi að síður þykir stjórnarráðinu hlýða að biðja um álit hinnar heiðruðu fjárstjórnar um málið, áður en gjört sé út um það. Fylgiskjöl þau, er voru með bréfi fjárstjórnarinnar, því, sem áður er nefnt, fylgja hér með, en stjórnarráðið óskar að fá þau aptur þegar búið er að nota þau.